

Skoðaði framkvæmdir við rannsóknahús



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir með Þorsteini Gunnarssyni, rektor HA

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, hefur að undanfögnu heimsótt fjölda skóla og stofnanir er heyrta undir ráðuneytið. Um síðastliðna helgi opnaði ráðherra *Opið hús* hjá Háskólanum á Akureyri og kynnti sér jafnframt þá starfsemi er þar fer fram, í fylgd Þorsteins Gunnarssonar rektors HA. Jafnframt opnaði hún [nýjan vef](#) Háskólans og í kjölfarið nýjan vef [fjölmiðlafræðinema við HA](#).

Ráðherra voru einnig kynntar framkvæmdir við nýtt Rannsóknahús sem nú er að rísa á háskólalóðinni og stefnt er að því að opnað verði á síðari hluta ársins.

Málþing um stöðu og framtíð tónlistarmenntunar

[Málþing um stöðu og framtíð tónlistarmenntunar í landinu](#)

verður haldið þann 21. febrúar nk. kl. 13:30 – 17:00 í þingsal Kennaraháskóla Íslands. Yfirskrift málþingsins er *Tónlistarmenntun á Íslandi á 21. öld – hvert stefnir?*

Á málþinginu verður fjallað um tónlistarmenntun í viðu samhengi.

Til málþingsins er boðað að frumkvæði [Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar](#) í samvinnu við Reykjavíkurborg, menntamálaráðuneyti, Samtök tónlistarskóla í Reykjavík, Samtök tónlistarskólafélaga, Listaháskóla Íslands, Kennaraháskóla Íslands, [Félag Íslenskra hljómlistarmanna](#), Félag tónlistarskólakennara, [Tónmenntakennarafélag Íslands](#) og samtök tónlistarmemnda.

Allir sem áhuga hafa á efni þess eru velkomnir. Gestir eru vinsamlega beðnir að skrá sig í síma 568 5828 eða tsdk@ismennt.is fyrir 20. febrúar nk.

Starfshópur um starfsemi símenntunarstöðva

Menntamálaráðherra greindi frá því á Alþingi þann 17. febrúar sl. að hún hefði ákveðið að stofna starfshóp til að fjalla um opinberan stuðning við skipulag og uppbyggingu á aðstöðu til fjarnáms utan höfuðborgarsvæðisins.

Nefndinni er einkum ætlað að gera tillögu um það hvaða meginþingarmið verði lögð til grundvallar þessum stuðningi almennt, þannig að samræmis og jafnræðis sé gætt varðandi þá aðstöðu sem þeim, sem stunda framhalds- eða háskólanám í fjarnámi, er sköpuð til að stunda nám sitt.

Nefndin skal, á grundvelli þeirrar reynslu sem fengin er af starfrækslu símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, leggja mat á það hverju opinber stuðningur við þær hefur skilað og hvernig skýsamlegast er að haga honum í framtíðinni. Þá skal nefndin fjalla um hlutverk og fjárhags- og starfsgrundvöll símenntunarmiðstöðvanna.

Nefndin skal einnig fjalla um uppbyggingu svokallaðra háskólanámssetra á landsbyggðinni og gera tillögu um það hvernig henni verði háttáð og hvernig fara eigi með ábyrgðar-, verka- og kostnaðarskiptingu aðila í

héraði, ríkisvaldsins og einstakra háskólastofnana. Skal það haft að leiðarljósi að hlutverk þessara setra verði skilgreint með samræmdum hætti og að stuðningur við þau byggist á hlutlægum forsendum.

8% fækkun umsókna til undanþágunefndar grunnskóla

Með vísan til [laga nr. 86/1998](#) um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólafélaga er starfandi undanþágunefnd grunnskóla, sem menntamálaráðherra skipar í til fjögurra ára í senn. Hlutverk nefndarinnar er að fjalla um umsóknir skólafélaga til að ráða leiðbeinendur til kennslustarfa til bráðabirgða, þegar ekki hefur tekist að ráða grunnskólakennara, en óheimilt er að ráða eða skipa aðra en þá sem uppfylla ákvæði lögverndunarlaga til kennslu við grunnskóla á vegum opinberra aðila eða hliðstæða skóla, sbr. [lög um grunnskóla nr. 66/1995](#).

Á síðastliðnu ári fékk undanþágunefnd grunnskóla til afgreiðslu alls 819 umsóknir en það er 8,3% fækkun frá fyrra skólaári. Af þessum 819 umsóknum samþykkti nefndin 667 þeirra og er þetta í fyrsta skipti í allmörgum ár sem samþykktum umsóknum hefur fækkað milli ára.

Í [skýrslu undanþágunefndar](#) fyrir 2003 er auk þess að finna ýmsar tölulegar upplýsingar og samantektir. Nánari upplýsingar er að finna á [vef ráðuneytisins](#).

Hvatning til að hugbúnaður á íslensku njóti forgangs

Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögu Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra, um að beina því til allra ríkisaðila að við endurnýjun á hugbúnaði til almennra nota hafi hugbúnaður á íslensku ávallt forgang. Með þessari samþykkt hafa stjórnvöld forgöngu um þá kröfu að íslenskan verði sett í öndvegi í nýrri tækni.

Menntamálaráðuneyti hefur frá árinu 2000 haft umsjón með [tungutækniverkefni](#) þar sem lögð er áhersla á að tryggja stöðu íslenskrar tungu í upplýsingatækni. Hafa fyrirtæki og stofnanir verið styrkt til margvíslegra verkefna og góður

árangur náðst í að skapa grundvöll fyrir notkun á íslensku í nýrri tækni. Sem dæmi um góðan árangur má nefna að tölur geta nú numið einfalt íslenskt talmál.

Að mati menntamálaráðuneytis hefur nýleg tæknipróun gert það að verkum að nú er með einfaldari hætti hægt að mæta kröfum um að hugbúnaður verði á íslensku. Til þess að íslenskan nái almennri útbreiðslu í tækjum og hugbúnaði þarf hins vegar viðhorfsbreytingu hjá almenningi, fyrirtækjum og opinberum aðilum og gera þarf þá kröfu að allur almennur hugbúnaður sé á íslensku. Þetta á jafnt við um viðmót farsíma og hugbúnað í tölvum.

Menntamálaráðherra hefur hafið undirbúning að því að innan tveggja ára verði allur almennur hugbúnaður í skólakerfinu og stofnunum á vegum menntamálaráðuneytis á íslensku. Jafnframt mun menntamálaráðuneyti sjálft nýta íslenskan hugbúnað í því mæli sem kostur er. Unnið verður að þessum breytingum samhliða eðlilegri endurnýjun á vél- og hugbúnaði og innan fjárhagsramma stofnana.



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, með Hjálmarí Árnasyni, formanni bygginganefndar FS, Ólafi Jóni Ambjörnssyni, skólameistara FS og nemendum FS

Heimsókn í Fjölbrotaskóla Suðurnesja

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, heimsótti Fjölbrotaskóla Suðurnesja í Reykjanesbæ þann 13. febrúar sl. og átti þar fund með forsvaramönnum skólans þar sem henni voru meðal annars kynnt stækkunaráform skólans auk þess sem hún fékk tækifæri til að kynna sér starf FS með beinum hætti í samtölum við kennara og nemendur.

